

*Einræðir 19  
1909*

## Íslenzkur ritháttur fyrrum og nú.

ATHUGASEMD.

### I.

Fóstbræðrasaga er einkennilega rituð; höfundurinn er svo orðglaður og skruðmall, mærdartimbur hans svo oflaufgað málí — svo að hér sé brugðið fyrir svipuðum rithætti —; en þó er sagan ekki illa sögd.

Höfundurinn hefur mjög gaman af að lýsa, eins og sýna þessi orð hans: Porgeirr att exi breiða, stundarmikla, sköfnungs-exi; hún var snarpegg ok hvöss, ok fekk mörgum hrafní exin nattverð. Hann atti ok mikit fjaðrspjót; þat var með hörðum oddi ok hvössum eggjum, mikill falrinn ok digrt skapt».

Á öðrum stað segir svo: »Fjúk ok frost gekk alla nóttina; gó Elris hundr alla þa nott óþrótnum kjóptum ok tögg allar jardir með grimmum kuldatónum».

Um aðra af þessum unnustum Þormóðar, er honum voru svo ofarfær, segir sagan svo: Ok svá sem myrkva dregr upp ur hafi ok leiðir af með litlu myrkri, ok kemr eptir bjart solskin með

bíðu vedri, svá dró kvæðit allan óræktar þokka ok myrkva af hug Þórdísar, ok rendi hugarljós hennar heitu ástar gervalla til Formodar með varmri bíðus.

Þetta er ekki sögustill, þó á sögu sé; munurinn dálitið svip-adur eins og a munk og viking. Og ekki man ég eftir að nein önnur saga fra söguöldinni — að efni til — sé með þessum rit-hætti; en þó vottar fyrir einhverju í þessa att. jafnvel i þeiri sögunni, sem allra bezt er rituð. Á þa bokina virðist það lært, þegar Njall segir: »Ok þa er ek spurða at hann (Hoskuldr) var veginn, þótti mér slökt hit sætasta ljós augna minna«. Og eins þegar Hildigunnur segir við Flosa, er hun heilsar honum: »er fegit orðit hjarta mitt tilkvámu þinni«. *Lux, cor, dulcis* (ljós, hjarta, sætur) má telja nokkurs konar einkunnarord káþólsku kirkjunnar.

I blóma sinum er þessi stíll á þeim biskupasögunum, sem verst eru ritaðar, Árna sögu og Laurentius sögu, og eins bregður honum fyrir á ýmsum fornaldarsögum Norðurlanda. Þó að miklu betur séu sagðar, einna helzt Hrólfs sögu Gautrekssonar, minnir mig. Það gæti verið nögu fróðlegt að gera sér ljóst, hvernig mark hnignandi ritsnildar kemur fram á þeim sögum.

En su bók, sem mér virðist einna náskyldust að rithætti Fostbraedrasögu, að svo miklu leyti sem ólikt efni leyfir, er hið mjög merka frædirit Konungsskuggsjá. Til þessa að syna þetta, nægir að tilgreina þessa veðurlýsingu þaðan: »En þa er utsynningr verðr varr, at vinátta kólnar eptir rofnar sættir, þa klokkr hann af harmi hugar með stórum regnelum, yglir augu yfir tardögguk skeggi, belgir hvápta undir þykkskyjuðum hjálmi, blaess af æði með köldum regnskúrum, leidir fram harla þykkvar bylgjur ok brjóstmkilar barur með skipgjörnum aföllum, ok býðr öllum hafstormum at æsask með kappsamligri reiði« (bls. 52 í útg. Ungers).

Það er orðgladur höfundur, sem þetta ritar, og málid er þarna jafnvel í fyrirrúmi fyrir málefnum; sjálfsgagt hesur þetta þótt snild á sinni tif, enda er alls ekki laust við að svo sé; það er snildarleg maelgi, ef svo mætti að orði kveda. En mælgin í biskupasögunum, sem ég nefndi áðan, er laus við alla snild.

Fyrirmyn dir þessa ritháttar, sem er nokkurs konar prédikunartill, eru sennilega káþólsk kirkjurit. Annars brestur mig alveg þekkingu til að fara nánar í það efni. En engan lærdom þarf til að sia, að *Lögberg* — eða réttara sagt alþingi — annars vegar, en *prédikunarstóllinn* hins vegar hljóta að eiga drjuga þætti í rit-

mali voru, og gæti ef til vill athugasemd þessi orðið einhverjum ungum hvot til að ihuga og rannsaka nanar þetta efni, sem alls ekki er ófrödlegt.

## II.

Sa nutímarithófundur, sem helzt minnir mig á þennan »predik-unarstíl«, — einkum eins og hann kemur fram í sinni beztu mynd í Fóstbrædrasogu og Konungsskuggsju, — er Guðmundur Friðjónsson á Sandi. Ef ég man rétt, þá hefur Guðmundur skriflað einhverjar þær beztu vedurlysingar, sem til eru í bókmentum vorum, og hvergi nær hann sér betur niðri. Eins og fornhofundarnir, sem eg nefndi, hefur hann geman af að ráða saman flogrum orðum og bregða fyrir sig hljomandi orðtækjum, og virðist þá eigi ósjaldan hugsa meira um malid en málefnið. Danskan rit-hófund minnir Guðmundur Friðjónsson mig einnig á, Johannes V. Jensen, þessa bunandi, bullandi orðalind, sem nú þykir rita snjallasta dönsku. Er mér til efs, að Guðmundur hefði orðið honum síðri rithófundur að jöfnum kosti að mentast og beita ser.

Til dæmis um ritgjörd skal ég hafa upp dalitinn kafla úr ritgjörd eftir hann í Eimr. XIII. 1, sem heitir »Handan yfir landamaerin«. Þar segir svo (bls. 2 : Þegar Sturlunga er sögd, eða kaflar úr henni, eins og Helgi jarðfræðidoktor gerir í Skírní (í ritgjörð um Sturlu Sighvatsson), þá er gengið á járnúðum tréskóm yfir blömlendi sögunnar. Þá er helt verksmiðjubleki yfir silfurgljá söguspjöldins.

Snjalt til orða tekið. En erfitt virðist að finna orðum þessum stað. Hváð er það, sem gjört er í grein minni um Sturlu Sighvatsson? Reynt til að grafast fyrir ástæður viðburda, sem sagan segir fra, reynt til að skilja seguna með öðrum orðum.

Það getur verið, að skilningur minn eða skýring sé ekki rétt; um það fullyrði ég auðvitað ekkert. En að slikar tilraunir séu vitaverdar, og með þeim gerð óvirðing sögunni, fæ ég ekki sêd. Að draumur Sturlu sé ekkert annað en tilbúningur söguritara, hefur mér aldrei komið til hugar að segja; þvert á móti, ég byggi einmitt a þeirri undirstöðu, að söguritarinn segi sem réttast fra. En að visu þykir mér næsta óliklegt, að draumurinn hafi verið vitrun ur öðrum heimi. Eg hygg að flestir draumar séu það, sem í fornum sögum er svo heppilega neint draumskrók, en að sann-

dreymi þau, sem reynast, megi vanalega útskýra á eðlilegan hátt. Stundum koma draumar fram auðsjáanlega beinlinis af því, að menn hafa lagt trúnað á þa, alveg eins og sumar spár virðast hafa ræzt, eingöngu vegna þess, að þeim var spad.

Annars skal ég verða síðastur manna til að neita því, að draumar eru mjög merkilegir, að þeir geta gefið mjög eftirtektarverðar upplýsingar um tilarandann og um hugarfar þess, sem dreymir, þátt fyrir það, þó að varla muni vera nokkuð það, sem jafneriitt er að segja rett fra, eins og draumar. Og ef til vill eru draumar merkilegir að fleiru. En alt er það svo mikil malefni, að ég verð að sleppa því i þetta sinn að rita um það; ef til vill veitist mer færí að því seinna. Eftirtektarvert er það, hvað lítið virðist hafa verið af skynsanlegu viti hugsað um drauma, eins mikil og um þá hefur verið ritad og rætt. Ég hef til dæmis hvergi séð neina skýringu á því, að manni birtir fyrir augum, þegar hann sofnar (i dimmu). Ef til vill hefur einhver lesandi Eimreidarírnars gaman af að reyna sig á því, að gera sér grein fyrir, hvertig að því muni standa. Takist það, hygg ég að hann muni nær því en adur, að skilja drauma.

Um sannleiksblað þann, sem sé a Sturlungu, hefur Guðmunder Þridjónsson öfðað rétt að mæla; enda ma fá nokkurs konar sannanir fyrir sannsögli þessa afarmerkilega rits, með því að bera saman, eins og Björn Ólsen hefur gjört, tvennar sögusagnir um sömu athurði, þar sem líkur eru til, að hvorug hafi af annarri vitað (um Aron Hjörleifsson t. d.). Það er alveg furðanlega lítið, sem á milli ber.

En æðimiklu minna finst mér um nakvæmni sögunnar en Guðmundi. Raunar er nú einmitt ónakvæmnin eitt af því, sem sannleiksblaðinn gjörir a söguna. Því að það eru aðeins skáldin, sem vita alt um sanguhetjur sínar; og að Sturlunga er meira í molum en eldri sögurnar, kemur mikil til af því, að hún er minna skalduð. Mjög víða bregður mönnum aðeins snöggvast fyrir í skímu sögunnar, en hverfa svo inn í myrkrið aftur, lesandanum til mikilla leiðinda. Þetta á sér jafnvæl stað um þann hinn merkasta Íslending, Snorra Sturluson. Hefur Guðmundi aldrei fundist vera þagað yfir ýmsu um Snorra, sem hann hefði langað til að vita? Þó að bok a stærð við Sturlungu alla hefði verið um Snorra einan, þa hefði oss líklega ekki þottt of sagt af svo margþættum og mikilhæfum manni. En nu er aðeins lítið brot ur sögunni um Snorra, fæin

blöð alls. Vexti hans og útliti er ekki lýst með einu orði; á rit hans, sem nú eru svo fræg orðin, er varla minst með einu orði, -- þessi rit, sem ef til vill ma telja merkasta arangurinn af byggingu Íslands, sem enn er ordinn.

HELGI Pjeturss.